

Ed.

1036. Nefndarálit

[38. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og leggjum við undirritaðir til að það verði samþykkt á þeim grundvelli sem kemur fram í álit 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar.

Nefndinni barst bréf frá BSRB og er það samkv. beiðni birt sem fylgiskjal til upplýsingar.

Alþingi, 22. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form., frsm.

Guðm. Bjarnason.

Davíð Aðalsteinsson.

Fylgiskjal.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Reykjavík, 21. maí 1981.

Í tilefni af bréfi fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 18. þ. m., um túlkun á 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 1980, um breyting á lögum nr. 29 1976, vill stjórn B.S.R.B. taka eftirfarandi fram:

Hafa ber það ríkt í huga, að bráðabirgðalögin eru samin sameiginlega af fulltrúum fjármálaráðherra og samningamönnum B.S.R.B., enda eru þau hluti af undirrituðu samkomulagi, sem lagt var fyrir til samþykktar í allsherjaratkvæðagreiðslu, ásamt aðalkjarasamningi undirrituðum 20. ágúst 1980.

Í viðræðum fulltrúa B.S.R.B. og ríkisins um frumvarpsgreininna var gengið út frá þeirri framkvæmd, sem tíðkast hefur undanfarin ár, að „hálfopinberar stofnanir“, er um ræðir í frumvarpinu, hafa eftir á gengið inn í samninga B.S.R.B. og ríkisins. Á það hefur skort, að starfsmenn þessara stofnana hafi fengið að greiða atkvæði um sáttatillögu. Hins vegar hafa þeir jafnan greitt atkvæði, þegar B.S.R.B. hefur lagt samninga undir atkvæði félagsmanna.

Í 1. gr. bráðabirgðalaganna segir, að lögin skuli „með þeim hætti einnig taka til sjálfseignastofnana“ o. s. frv. Þetta vísar augljóslega til þess, sem segir í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 1976, sem verið er að breyta, en þar segir: „Lögin taka til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf“.

Í ljósi þessa alls ber að skoða afstöðu B.S.R.B. til lagagreinar þeirrar, sem bréf fjármálaráðuneytisins fjallar um.

Eins og sést af framansögðu hafa hinar hálfopinberu stofnanir þannig í reynd samþykkt að fara eftir samningsréttarlögunum.

Stjórn B.S.R.B. bendir á, að í lagagreininni, sem frumvarpinu er ætlað að staðfesta, er hvergi ákvæði þess efnis, að hlutaðeigandi stofnun sé ætlað að veita fjármálaráðherra umboð sitt til samningsgerðar. Slíkt væri heldur ekki til að rýmka samningsrétt B.S.R.B., eins og heitið er í meðfylgjandi bréfi fjármálaráðherra til B.S.R.B., dags. 12. mars 1980, þvert á móti yrði hann verulega þrengdur.

Í 3. gr. laga nr. 29/1976 er tekið fram, að fjármálaráðherra fari með fyrirvar ríkissjóðs, og viðbótarákvæðið í bráðabirgðalögunum veitir honum ekkert umboð til að semja fyrir hálfopinberar stofnanir, heldur þarf samþykki þeirra til að aðal-kjarasamningur B.S.R.B. og ríkisins gildi fyrir þær.

Stjórn B.S.R.B. vill vekja athygli Alþingis á því, að 1. gr. bráðabirgðalaganna hefur verið beitt og er komin til framkvæmda við gerð samninga síðan haustið 1980.

Stjórn B.S.R.B. vekur athygli á því, að stéttarfélög innan A.S.Í. gera kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands. Eftir á gengur fjöldi atvinnurekenda, sem ekki eru í Vinnuveitendasambandinu, inn í þessa samninga. Enginn skyldar þessa atvinnurekendur til að afsala sér samningsrétti, né þessi stéttarfélög til þess að semja um kjör þessa fólks beint við Vinnuveitendasambandið. Er hér um hliðstæða framkvæmd að ræða.

Rétt er að taka fram, að eftirgreindar hálfopinberar stofnanir hafa gengið inn í samningana frá 20/8 1980 á grundvelli bráðabirgðalaganna fyrir þá starfsmenn, sem eru félagsmenn í B.S.R.B.:

Brunabótafélag Íslands
Hrafnista DAS
Hrafnista DAS, Hafnarfirði
Dvalarheimilið Ás/Ásbyrgi
Elli- og hjúkrunarheimilið Grund
Grænmetisverslun landbúnaðarins
Hjartavernd
Kirkjugarðar Reykjavíkur
Krabbameinsfélag Íslands
Landakotsspítalinn
N.L.F.Í. heilsuhælið
Norræna eldfjallastöðin
Norræna húsið
Rauði Kross Íslands
Reykjalundur
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
SÁÁ Lág múla 9, Sogni, Silungapólli
Sjálfsbjörg, Reykjavíkureild
Sjálfsbjörg, vinnu- og dvalarheimili
Sjálfsbjörg, skrifstofa og dagvistun
Skálatúnsheimilið
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Slysavarnafélag Íslands
Tilkynningaskyldan
Styrktarfélag vangefinna, skrifstofa
— — Lyngás
— — Bjarkarás
— — Ásgerði
— — Sambýlið
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
Sólborg, vistheimili þroskaheftra
St. Franciskus sjúkrahús

St. Jósefsspítali
Vistheimilið Víðines
Orkubú Vestfjarða (1 félagsm. S.F.R.)
Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

Þá hafa sjúkrahús víðs vegar um landið varðandi kjör hjúkrunarfræðinga fylgt þeim kjörum, sem samið var um. Hefur fjárhagsnefnd skrá yfir þau sjúkrahús í höndum.

Með tilvísun til yfirlýsingar fjármálaráðherra um rýmkun samningsréttar, sem varð grundvöllur samkomulags um aukinn samningsrétt B.S.R.B., sem síðar var samþykkt af félagsmönnum B.S.R.B í allsherjaratkvæðagreiðslu, mótmælir stjórn B.S.R.B. túlkun þeirri, sem fram kemur í bréfi ráðherrans, og telur hana samningsrof.

Af hálfu samningsnefndar B.S.R.B. var hins vegar sá skilningur, sem fram kemur í bréfi þessu, margítrekaður í viðræðum fyrir sáttanefnd.

Virðingarfyllt,

f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

Kristján Thorlacius. Haraldur Steinþórsson.